

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **22-069F010**

Dags: **31. ágúst 2022**

Staður: **Við Reykjavíkurlugvöll**

Lýsing: **Hlíf losnaði á flugi og fór í stélpyril**

Flugmaður fór á þyrlu TF-HDA (Airbus AS350B2) í hreyfilafskoðun (engine power check) frá Reykjavíkurlugvelli að loknu viðhaldi.

Skömmu eftir flugtak, á 92% afli, í um 500 feta hæð, á leið til Álftaness, varð flugmaðurinn var við högg og þyrlan geigaði til hægri (yawed to the right).

Flugmaðurinn prófaði stjórnþæki þyrlunnar, sem störfuðu eðlilega, og lét flugturn vita að hann þyrfti að snúa við til flugvallarins. Eftir landingu kom í ljós að hlíf vantaði aftarlega á stélbómuna en hún hafði losnað, lent á stélþyrlinum og skemmt hann.

Við rannsóknina kom í ljós að þremur dögum fyrr hafði kvikmyndabúnaði verið komið fyrir á þyrlunni, en vegna þyngdar kvikmyndavélarinnar framarlega á þyrlunni þurfti að koma fyrir lóði aftarlega á stélbómu þyrlunnar til þess að vægi þyrlunnar væri innan marka. Þegar kvikmyndabúnaðurinn var fjarlægður og einnig lóðið á stélbómunni, var ekki rétt gengið frá hlífinni á stélbómunni og hún losnaði næst þegar þyrlan fór í loftið.

Í ljós kom að flugvirkjar er störfuðu við TF-HDA höfðu ekki komið að frágangi hlífarinnar á stélbómunni að loknu kvikmyndaverkefninu, heldur aðilar er tengdust kvikmyndaverkefninu.



Ljóst er að breyting á loftfarinu með ísetningu og brottnámi kvikmyndabúnaðarins, sem og frágangur á hlífinni á eftir, eru viðhaldsverk sem fagaðilar með tilskilin réttindi eiga að sjá um. RNSA hvetur flugrekendur til þess að fara eftir verklagsreglum varðandi vinnu við loftför.

RNSA lokaði málinu með bókun á nefndarfundi þann 8. desember 2022.